

1. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 14. júní 2017 kl. 20:00.

Mættir eru: Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra og Aðalbjörgu Skúladóttur bókara.

Fjarverandi: Jóhann Helgi Konráðsson.



1. Skuldbindandi samningar

Framkvæmdastjórn felur framkvæmdastjóra að kalla eftir öllum fjárhagslega skuldbindandi samningum sem deildir Umf. Selfoss hafa undirritað þ.m.t. launa- og verktakasamningar við þjálfara og leikmenn. Forsenda útreiknings launa hjá félaginu er að samningur liggi fyrir hjá framkvæmdastjórn.

2. Reglugerð um fjáraflanir

Framkvæmdastjórn áréttar reglugerð um fjáraflanir frá árinu 2012 sem öllum deildum ber að fara eftir og kynna vel fyrir foreldrum og forráðamönnum.

3. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg

Farið yfir hugmyndir félagsins að langtíma þjónustusamningi við Sveitarfélagið Árborg. Formanni og framkvæmdastjóra falið að kynna málið fyrir bæjarstjórn.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:30.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**